

SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 137/24
komudagur 29.5.2009

Reykjavík 29. maí 2009.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, 34. mál.

Í frumvarpi til laga um breytingu á lögnum um stjórn fiskveiða eru lagðar til fjórar breytingar á núgildandi lögum. Í 1. grein frumvarpsins er gert ráð fyrir að ráðherra fái heimild til að leyfa takmarkaðar veiðar í fræðsluskyni. Í 2. grein frumvarpsins er gert ráð fyrir að settar verði ítarlegar reglur um frístundaveiðar sem fara fram á vegum ferðapjónustuaðila. Í ákvæði til bráðabirgða I er lagt til að heimilaðar verði frjálssar handfæraveiðar upp að ákveðnu marki á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst 2009 og í bráðabirgðaákvæði II í frumvarpinu er gert ráð fyrir að leyfilegum heildarafla í karfa verði skipt upp í veiðar á gullkarfa annars vegar og veiðar á djúpkarfa hins vegar.

Sjómannasamband Íslands tekur undir 1. grein frumvarpsins um að afli sem fæst við veiðar sem fara fram í fræðsluskyni skuli ekki talinn til heildarafla enda séu veiðarnar óverulegar og aflinn ekki fénýttur.

Sjómannasamband Íslands telur að 2. grein frumvarpsins varðandi reglur um frístundaveiðar sem fara fram á vegum ferðapjónustuaðila sé ásættanleg og gerir því ekki athugasemd við þá grein.

Sjómannasamband Íslands hefur miklar efasemdir um bráðabirgðaákvæði I í frumvarpinu um frjálssar strandveiðar. Til strandveiðanna er ætlunin að nýta hinn svokallaða byggðakvóta sem ávallt hefur verið umdeildur og hefur Sjómannasamband Íslands margsinnis ályktað um að afnema ætti þennan kvóta. Það eina jákvæða við þessar svokölluðu strandveiðar eða færaveiðar er að ekki er tekinn kvóti beint af þeim sem hafa atvinnu af fiskveiðum og færður til annarra heldur er hinn umdeildi byggðarkvóti ætlaður til þessara veiða. Hætta er hins vegar á að þegar fram líða stundir verði kvóti tekinn af þeim sem fyrir eru í greininni og hann færður til þeirra sem þátt tóku í strandveiðunum. Þannig er hætta á að þeim sem selt hafa sig út úr greininni verði enn einu sinni færður kvóti til að braska með.


Einn tilgangur þessara strandveiða eða færaveiða yfir sumarmánuðina er m.a. að gefa nýliðum í greininni færi á að spreyta sig. Bent skal á að nýliðun hefur orðið í sjómannastéttinni, þ.e. meðal þeirra sem eru launamenn við fiskveiðar. Varðandi fjölgun útgerða ber að hafa í huga að auðlindin er takmörkuð og því geta ekki allir sem vilja keypt sér bát og byrjað útgerð. Þannig verður það í framtíðinni meðan veiðunum er stýrt. Skiptir í því sambandi engu máli hvaða aðferð er notuð við stjórnunina. Þeir sem munu nýta sér þessar færaveiðar yfir sumarmánuðina eru sennilega flestir fyrir í útgerð þannig að ekki verður um nýliðun að ræða í þeim hópi heldur munu þeir nota færaveiðarnar til að drýgja þær veiðiheimildir sem fyrir eru á

bátunum og lengja úthald þeirra. Þeir sem ekki eru í útgerð fyrir en hyggjast nýta sér þessar færaveiðar þurfa hins vegar að fara í fjárfestingu á bátum og búnaði og sögusagnir hafa gengið um að slíkt fjárfestingaræði sé þegar byrjað. Reynist það rétt er hætt við að einhverjir verði í slæmum málum að sumri liðnu vegna mikillar fjárfestingar og minni tekna en reiknað var með í upphafi til að standa undir þeirri fjárfestingu. Varla er æskilegt að bæta slíkum dæmum við í því ástandi sem nú ríkir í þjóðfélaginu.

Það sem Sjómannasamband Íslands hefur mestar áhyggjur af varðandi þessar færaveiðar yfir sumarmánuðina er að það muni slíkur fjöldi sækja í þessar veiðar að eftirlit með þeim verði nær ómögulegt. Auk þess hefur Sjómannasamband Íslands verulegar áhyggjur af að gæðum aflans verði ábótavant í mörgum tilvikum. Það er því fátt sem mælir með því að þessi tilraun með frjálssar færaveiðar yfir sumarmánuðina verði reynd í sumar. Sjómannasambandið hefur alla vegana miklar efasemdir um þetta fyrirkomulag og getur því ekki stutt þessa tilraun.

Sjómannasamband Íslands leggst ekki gegn bráðabirgðaákvæði II í frumvarpinu.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson